



REYKJANESBÆR



## NÝ SKÓLPFREINSISTÖÐ REYKJANESBÆ

Skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag

## 1 Inngangur

Skipulagslýsing þessi fjallar um fyrirhugað deiliskipulag fyrir skólphreinsistöð við Náströnd, Reykjanesbæ nánar tiltekið í fjöruborðinu utan Ægisgötu. Gerð er grein fyrir því hvernig staðið verður að deiliskipulaginu ásamt helstu forsendum, í samræmi við 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Skipulagslýsingin er unnin fyrir skipulagsyfirvöld Reykjanesbæjar. Staðsetning þessi byggir á gildandi aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030.

ARKÍS arkitektar hafa unnið þessa skipulagslýsingu, í nánu samráði við skipulagsyfirvöld, og munu annast alla deiliskipulagsvinnu. Deiliskipulagsvinnan mun byggja á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 sem unnið var af Kanon arkitektum og VSÓ ráðgjöf.

Markmið við vinnslu deiliskipulagstillögunnar er að deiliskipuleggja svæði fyrir skólphreinsistöð utan Ægisgötu við náströnd skv. fyrirbyggjandi aðalskipulagi og forathugun sem unnin var af Eflu verkfræðistofu, Arkís arkitektum og Landslagi landslagsarkitektum. Áhersla verði lögð á að starfsemi verði þannig komið fyrir að hún verði bæjarprýði, þannig staðsett að sem minnst nálægð verði við byggðina og muni gefa umhverfi sínu nýja útivistarmöguleika.



Mynd 1: Staðsetning skipulagssvæðis, merkt I2 við Náströnd

## 2 Skipulagssvæðið, umhverfi og staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er um einn ha. að stærð og afmarkast af miðri Ægisgötu til suð-vesturs, um það bil á móts við Framnesveg 3-5 til austurs, og um það bil á móts við hús 21-23 við Hafnargötu til norð-vesturs og út fyrir núverandi grjótvarnargarð til sjávar. Svæðið er á aðalskipulagi frá merktum hring I2 við Náströnd frá vestri að Ósnafi til austurs, sjá þéttbýlisupprátt aðalskipulags Reykjanesbæjar 2015-2030.

Svæðið er við nýlegan grjótvarnargarð utan Ægisgötu og verður hreinsistöðin að nokkru leyti felld inn í garðinn eins og kostur er og hann færður utar eftir því sem þarf til að koma hreinsistöðinni fyrir og verja

hana sjógangi. Lagt er upp með að hægt verði að ganga upp á hreinsistöðina og hún verði sem útsýnis- og áfangastaður á gönguleiðinni meðfram Ægisgötu.

Svæðið sem unnið er með er allt á fyllingu og því manngert á síðari árum. Ægisgata er í jaðri byggðarinnar gömlu Keflavík og myndast svæði milli hennar og Hafnargötunnar. Utan Ægisgötunnar er göngustígur og sjóvarnargarður sem marka skilin milli byggðar og sjávar.



Mynd 2: mynd af áætluðu deiliskipulagssvæði

### 3 Fyrirhuguð starfsemi

Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2013 segir í kafla 3.3.3 Fráveita á bls. 20. „núverandi útrás er við Kirkjuvík og annar hún austurhluta Reykjanesbæjar. Gert er ráð fyrir að byggja tvær útrásir á skipulagstímabilinu og verður önnur þeirra staðsett við Helguvík og hin sunnan við Grófina. Um er að ræða útrás fráveitu með dælustöð. Hreinsunarstig þeirra verður samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, en frumvarp um breytingar á lögum er nú í vinnslu. Tímaáætlun fyrir uppbyggingu fráveitna liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að fráveitukerfi Reykjanesbæjar geti annað framtíðar atvinnustarfsemi á og í nágrenni við flugvöllinn. Varðandi fráveitu sunnan Grófar, eru tveir kostir til áframhaldandi skoðunar þ.e. við Náströnd og við Grófina sjálfa. Ákvörðun um staðsetningu og umfang verður tekin í samræmi við þörfina skv. byggða- og atvinnuþróun í Reykjanesbæ og uppbyggingu á Ásbrú norður.“

- Fyrir liggur ákvörðun sveitarfélagsins að reisa skólphreinsistöðina við Náströnd.
- Efla verkfræðistofa hefur unnið forvinnu að því hvert umfang hreinsistöðvarinnar þarf að vera til að uppfylla Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna frá 2009 nr. 9, 9. mars. Tóku gildi 13. mars 2009. Breytt með: L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 22/2016 (tóku gildi 5. apríl 2016).
- Fyrir liggur skoðun Arkís Arkitekta og Landslags landslagsarkitekta hvernig koma megi skólphreinsistöðinni fyrir í sem mestri sátt við byggðina og með þeim hætti að úr verði áhugaverður staður fyrir íbúa og ferðamenn svæðisins.



Mynd 3: forathugun á hreinsistöð við Náströnd

#### 4 Áherslur við deiliskipulagsgerðina

Eftirfarandi megináherslur verða lagðar til grundvallar við deiliskipulagsgerðina:

- Að skipuleggja eftirsóknarverða, snyrtilega og heildstæða lausn sem leysir þarfir hreinsistöðvarinnar á hagkvæman.
- Að hreinsistöðin sé þannig staðsett að hún rýri ekki gæði núverandi byggðar.
- Að passa upp á vermæti þess óbyggða lands sem liggur milli Hafnargötu og Ægisgötu.
- Að skapa áhugaverðan áningarstað til að auðga svæðið.
- Að hafa sjálfbærni að leiðarljósi við útfærslu skipulags og byggingar hreinsistöðvarinnar þannig að hin nýja bygging verði jákvæð viðbót við núverandi umhverfi, samfélag og efnahag.

#### 5 Áætlanir sem tengjast fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu

- Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030 (samþykkt 2017).

#### 6 Minjar

Ekki er vitað um skráðar menningarminjar eða fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.

#### 7 Náttúrufar

Skipulagssvæðið er á manngerðri fyllingu sem tilkomin er á seinni árum.

#### 8 Náttúruvá

Skv. kafla 2 Náttúruauðlindir í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015 – 2013 bls. 6 - 9 eru talin upp náttúruverndarsvæði í sveitarfélaginu. Ekki er tilgreint þar að Náströnd njóti verndar af neinu tagi.

## 9 Umhverfisáherslur

Við deiliskipulag svæðisins verður unnið með umhverfisvænar lausnir við skipulag - og byggingar þannig að byggingin og mannvirki öll hafi sem minnst áhrif á núverandi umhverfi.

## 10 Umhverfismat áætlana

Hreinsistöðin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. tl. 11.06 í 1. viðauka laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þessi áætlun er því háð umhverfismati áætlana. Undirbúin verður umhverfisskýrsla í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í umhverfisskýrslu verður lagt mat á eftirfarandi umhverfisþætti:

- Hljóðvist.
- Ásýnd.
- Starfsemi og samfélag.
- Umferð.
- Náttúruvá.
- Mengunarhætta.
- Heilsa og öryggi.

## 11 Verkáætlun

Deiliskipulagið verður unnið í nánú samráði við skipulagsnefnd Reykjanesbæjar. Leitað verður umsagnar eftirfarandi aðila þegar deiliskipulagstillaga liggur fyrir og hefur verið afgreidd frá skipulagsnefnd til kynningar fyrir almenningi sbr. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerð. Skipulagslýsing þessi verður einnig kynnt samkvæmt skipulagslögum.

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- HS veitur
- Umhverfissvið Reykjanesbæjar
- Eigendur aðliggjandi lóða / landsvæða
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

## 12 Áætlaður tímaás

Áætlun fyrir helstu áfanga deiliskipulagsvinnu og samþykktarferils:

- Apríl 2020 - Kynning og afgreiðsla skipulagslýsingar þessarar í skipulagsnefnd Reykjanesbæjar.
- Apríl – maí 2020 - Umfjöllun Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.
- Apríl – maí 2020 - Umhverfisskýrsla, gangaöflun og undirbúningur.
- Maí - júní 2020 - Frumdrög deiliskipulags
- Júní 2020 - íbúafundur
- Júní-júlí 2020 - Auglýsing skipulagstillögu
- Ágúst 2020 – Úrvinnsla athugasemda og afgreiðsla að lokinni auglýsingu
- September 2020 – umfjöllun Skipulagsstofnunnar eftir afgreiðslu bæjarstjórnar.
- Október 2020 – Gildistaka deiliskipulags með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.